

Ísótóparannsókn af skjaldkirtli

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi skjaldkirtils. Rannsóknin tekur um 40 mínútur.

Undirbúningur

- Enginn undirbúningur er fyrir þessa rannsókn.
- Ef þú hefur farið í röntgenrannsókn á síðastliðnum átta vikum og fengið skuggaefni þarf að hafa samband við ísótópastofu og að láta vita af því þar sem það getur mögulega haft áhrif á rannsóknina.
- Ráðlagt er að skilja skartgrip eftir heima.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksstöðu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknin:

- Gefinn ísótópur í æð
- Teknar myndir eftir um 15 mínútur
- Rannsóknin tekur alls um 40 mínútur

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Ráðlagt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími: 543 5050, netfang: isotop@landspitali.is